

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 30. maí kl. 13:40 var haldinn 88. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Gunnar Hólm Hjálmarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson. Ennfremur sat forstjóri fundinn.

Fundarritari var Hjörleifur B. Kvaran.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram samkomulag Orkuveitu Reykjavíkur og Guðmundar Þóroddssonar dags. 30. maí 2008 um að Guðmundur láti af starfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur þann 30. maí 2008. Um leið ljúki starfsskyldum og vinnuskyldu hans sem forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur. Jafnframt ljúki starfsskyldum og vinnuskyldu hans sem forstjóra Reykjavík Energy Invest h.f. Samkomulagið er undirritað af Guðmundi Þóroddssyni og Kjartani Magnússyni stjórnarformanni Orkuveitu Reykjavíkur með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Kl. 14.30 vék Júlíus Vífill Ingvarsson af fundi.

Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson óskuðu bókað að samkomulagið væri ekki að þeirra frumkvæði en lýsa ánægju með að starfslokin séu gerð í sátt við Guðmund Þóroddsson.

Samkomulagið samþykkt með 3 atkvæðum.

Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir sátu hjá og óskuðu bókað:

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna óska bókað vegna fyrirliggjandi samkomulags um starfslok Guðmundar Þóroddssonar að frumkvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

Málefni REI hafa verið borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins erfið. Fyrir liggur vitnisburður fjölda manna um að í haust, þegar málefni REI komust fyrst í hámeili, hafi Guðmundur Þóroddsson vera að vinna í fullu umboði þáverandi borgarstjóra, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar. Einnig má gera ráð fyrir því að hann hafi starfað í fullu umboði núverandi stjórnar meðal annars þegar formaður stjórnar REI í félagi við varaformann undirritaði samninga í Djibouti og Yemen. Í báðum þessum tilvikum reynast pólitískt kjörnir fulltrúar umboðslausir gagnvart borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins. Það er því ljóst að þá árekstra sem ítrekað hafa komið upp í málefnum REI, má rekja til innanflokksátaka í Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík.

Sú spurning hlýtur því að vakna hvort Sjálfstæðismenn séu með þessu að láta starfsmann axla ábyrgð á eigin mistökum og innanflokksátökum í stað þess að gera það sjálfir.

Kjartan Magnússon, Gunnar Hólm Hjálmarsson og Gunnar Sigurðsson óskuðu bókað:

Við vísum ásökunum fulltrúa Samfylkingarinnar og vinstri grænna á bug og hörmum að þeir reyni að gera störf stjórnar Orkuveitunnar tortryggileg með þessum hætti.

Lagt til að Hjörleifur B. Kvaran gegni starfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur enn um sinn.
Samþykkt einróma.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:05

Kjartan Magnússon,
Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Hólm Hjálmarsson, Gunnar Sigurðsson,
Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir.